

# Minnisblað

4. desember 2009  
**DRÖG**

## Sjómannaafsláttur / skattafrádráttur

---

### 1. Fjárhæð sjómannaafsláttar

Þeir sem fá greidd laun fyrir sjómannsstörf á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, eiga rétt á sjómannaafslætti.

Sjómannaafsláttur á tekjuárinu 2009 er 987 krónur á dag eða 360.255 kr. á ári, miðað við fleiri en 245 daga á sjó. Afslátturinn er dreginn frá reiknuðum tekjuskatti, áður en persónuafslátturinn er dreginn frá.

Sjómannaafslátturinn er dreginn af með ólíkum hætti á Norðurlöndunum, en almennt er miðað við að reikna afsláttinn af tekjuskattstofni ársins eða reiknuðum tekjuskatti. Þetta eru meginreglurnar en nákvæm útfærsla byggir auðvitað á skattaframkvæmd hvers ríkis og ber að hafa fyrirvara um það við þessa reikninga.

#### *Svíþjóð*

Í Svíþjóð er sjómannaafsláttur ákvarðaður skv. lögum nr. 764/2007, sbr. l. nr. 282/1973. Afslátturinn er 35.000 skr. í nærfart / 36.000 skr. í fjærfart og afslátturinn reiknast af tekjuskattstofni ársins.

- Svíþjóð 36.000 skr.                      634.000 kr. / mv. gengi 17,6

Sjómenn eiga jafnframt rétt á séstakri skattalækkun sem nemur 9.000 skr. í nærfart / 14.000 skr. í fjærfart. Ívilnunin dregst frá reiknuðum tekjuskatti.

#### *Noregur*

Í Noregi var verið að hækka sjómannaafsláttinn með fjárlagafrumvarpinu 2010.

- 150.000 nkr. fyrir bæði kyst- og hav.

Tekjuskatturinn er 30% af skattskyldum tekjum, umfram 150.000 nkr. Tekjur sjómanna upp að 150.000 nkr. eru skattfrjálssar.

- Noregur 150.000 nkr.,                      3.255.000 kr., (frá og með 2010) / mv. gengi 21,7

#### *Færeyjar*

Í Færeyjum er fiskimannafrádráttur sé 15% af tekjum fyrir skatta, eða að hámarki 75.000 dkr. fyrir almanaksárið. Tekjur sjómanna upp að 75.000 dkr. eru skattfrjálssar.

- Færeyjar, 75.000 dkr.                      1.852.500 kr. / mv. gengi 24,7

### *Danmörk*

Sjómannaafsláttur danskra sjómanna gildir um lögskráða sjómenn. Þeir eiga rétt á 190 dkr. frádrætti fyrir hvern byrjaðan dag á sjó í veiðiferðum sem standa yfir í a.m.k. 12 klst. Afslátturinn er að hámarki 41.800 dkr. yfir almanaksárið og reiknast af tekjuskattstofni ársins.

- Danmörk, 41.800 dkr. 1.033.000 kr. / mv. gengi 24,7

Í Danmörku eru njóta nokkrir hópar tiltekinna skattfríðinda sem tengjast störfum þeirra. Þetta eru:

1. Blaðburðarfólk, avisbude
2. Dagmæður, børnedagplejere
3. Þingmenn, folketingsmedlemmer
4. Störf við sölu lottó, klasselotteri-kollektörer
5. Hermenn og eftirlitsmenn ESB og SP, militær -, FN- og EU- observatörer
6. Tónlistarmenn, musikere
7. Meðdómendur, vitni o.fl. lægdommere, vidner m.fl.
8. Leikarar og listamenn, skuespillere, kunstnere og artister
9. Bílstjórar fyrir ferðamenn, turistchaufförer
10. Vísindamenn, videnskabsmænd
11. Hundatemjarar, hundeförere
12. Sjómenn, fiskere

### *Skv. upplýsingum rikisskattstjóra*

Árið 1994 - 9.700 sjómenn sem nýttu sér sjómannaafsláttinn, 1.548 m.kr.

Árið 2008 - 5.736 sjómenn sem nýttu sér sjómannaafsláttinn, 1.105 m.kr.

- Sjómönnum hefur fækkað um 41% og afslátturinn lækkað um 29% á sl. 15 árum.

### *Dagar til útreiknings sjómannaafsláttar*

Dagar sem veita rétt til sjómannaafsláttar eru þeir dagar sem skylt er að lögskrá menn, auk þeirra daga sem maður á rétt á veikindalaunum samkvæmt kjarasamningi. Hver dagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49. Maður getur þó aldrei fengið sjómannaafslátt fyrir fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð til sjómannsstarfa.

Sjómannaafsláttur getur mest orðið jafnhár reiknuðum tekjuskatti af launum fyrir sjómannsstörf. Á tekjuárinu 2009 er hámarkið því 24,10% af sjómannslaunum. Hjá þeim sem eru með eigin útgerð og stunda sjómennsku á eigin fari teljast sjómannslaun vera reiknað endurgjald og tekjur af atvinnurekstri samanlagt.

## **2. Hverjir geta notið sjómannaafsláttar**

Meginregla sjómannaafsláttarins er að menn fái notið hans meðan unnið er við sjómannsstörf, en það byggist á lögskráningu eða úthaldstímabilum.

1. Þeir sem stunda sjómannsstörf og skylt er að lögskrá í skipsrúm fiskiskips.
2. Þeir sem ráðnir eru sem fiskimenn á fiskiskip undir 12 rúmlestum brúttó eða stunda fiskveiðar á eigin fari, þó að ekki sé skylt að lögskrá þá.
  - o Skilyrði er að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattstofni þeirra.

- Þetta á bæði við eigendur skipa sem sjálfir stunda fiskveiðar á eigin fari og launþega á skipum undir 12 rúmlestum brúttó.
- 3. Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar sjómenn sem skylt er að lögskrá á:
  - varðskip,
  - rannsóknarskip,
  - sanddæluskip sem taka efni utan hafna og flytja það á land,
  - ferju eða farskip, í förum milli landa eða í strandsiglingum hér við land.
- 4. Hlutaráðnir beitningarmenn í fullu starfi, sem ráðnir eru á hlutaskipti skv. kjarasamningum sjómanna, rétt á sjómannaafslætti.
  - Beitningarmaður í hlutastarfi eða ákvæðisvinnu á ekki rétt á sjómannaafslætti.
  - Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal við ákvörðun dagafjölda sem veitir rétt til sjómannaafsláttar miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, þó mest þann dagafjölda sem reiknaður er til afsláttar hjá sjómönnum á viðkomandi línubáti.
- 5. Til viðbótar við þessa sjómenn hefur yfirskattanefnd úrskurðað að sama rétt eigi:
  - sjómenn á björgunarskipum (úrsk. nr. 386/1995) og
  - hafnsögumenn á hafnsögubátum (úrsk. nr. 377/1995, sbr. Hrd. 2912:1994),

Yfirskattanefnd hefur hafnað að sjómannaafslátturinn gildi um:

- ✓ Eftirlitsmenn Fiskistofu (úrsk.nr. 344/2006 og nr. 74/1997)

### 3. Saga sjómannaafsláttar

Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954.<sup>1</sup> Þá var með lögum nr. 41/1954 lögfestur hlífðarfatafrádráttur og fæðisfrádráttur. Hlífðarfatafrádráttur náði til lögskráðra fiskimanna, þó ekki allra í áhöfn togara. Rökin sem færð voru fyrir honum voru að hann væri vegna kostnaðar sjómanna af hlífðarfötum umfram aðra launþega. Fæðisfrádrátturinn tók aftur á móti einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir.

Með lögum nr. 37/1957 var hlífðarfatafrádrátturinn aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum. Þá var tekinn upp sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna. Breyting þessi var gerð í tengslum við kjarasamninga og einnig rökstudd með því að á þeim tíma var erfitt að manna flotann og talið að fiskiskipaflotinn væri þá nálægt þriðjungum mannaður erlendum sjómönnum.

Með lögum nr. 43/1967 er hlífðarfatafrádráttur og sérstaki frádrátturinn látinn ná til allra lögskráðra sjómanna, þ.e. líka til annarra en fiskimanna.

Með lögum nr. 7/1972 er tekinn upp nýr fiskimannafrádráttur, 8% af launum, sem tók í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, einnig látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu einnig með þeim lögum

<sup>1</sup> Sbr. þskj. 236, 115. löggjþ., 205. mál frá 1991.

hlífðarfatafrádráttinn og sérstaka frádráttinn. Hundraðshluti fiskimannafrádráttar hækkaði í 10% 1975 og síðan í 12% 1984.

Með lögum nr. 40/1978 voru hlífðarfatafrádráttur og sérstakur frádráttur sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem þá tók til allra lögskráðra sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Fæðisfrádráttur fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, hélst óbreyttur. Fiskimannafrádráttur fyrir lögskráða sjómenn og hlutaráðna landmenn var með lögum nr. 9/1985 einnig látinn taka til sjómannsstarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip.

Með lögum nr. 49/1987 var þessum frádráttarliðum steipt saman og í stað þeirra kom einn sjómannaafsláttur.

Samkvæmt skýringum í frumvarpinu þessi rök að ræða að baki sjómannaafsláttar:

1. Kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega.
2. Ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði.
3. Sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga.
4. Kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili.

#### 4. 30. gr. A laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, frádráttarheimildir

Frá tekjum manna sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

1. **Útgjöld** að hámarki móttækin fjárhæð ökutækjastyrkja, **dagpeninga** eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.
2. Utgjöld að hámarki móttækinni fjárhæð **ættleiðingarstyrks** samkvæmt lögum um ættleiðingarstyrki og má frádráttur þessi aldrei vera hærri en fjárhæð styrksins.
3. **Launatekjur** sem greiddar eru:
  - **embættismönnum**, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.
  - **Staðaruppbót** sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis.
    - Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að eða eru starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.
4. Tekjur sem eru skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eins og **greiðslur almannatrygginga** eða **vinninga í happdrættum** sem fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins, enda sé öllum ágóða af þeim varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.
5. **Iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda** samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 4% af iðgjaldsstofni. [Að auki allt að 4% af iðgjaldsstofni vegna viðbótariðgjalds í séreignasjóð.

## 5. Skattmat ríkisskattstjóra, nr. 7/2009

*Hvað eru hlunnindi skv. skattmatinu?*

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum, svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem ekki hafa verið í krónum talin, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat. Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látið af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmætið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

*Fæði t.d.*

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og/eða fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Morgunverður	300 kr.
Hádegisverður eða kvöldverður	450 kr.
Fullt fæði á dag	1.200 kr.

## 6. Frádráttur á móti dagpeningum

*Leyfilegur frádráttur skv. skattmati ríkisskattstjóra frá greiddum dagpeningum innanlands, árið 2009:*

Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	kr. 17.200
Fyrir gistingu í einn sólarhring	kr. 10.000
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	kr. 7.200
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	kr. 3.600

**Ferðakostnaðarnefnd** hefur ákveðið dagpeninga (gilda frá 1. nóvember 2009) til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

1. Gisting og fæði í einn sólarhring	kr. 18.700
2. Gisting í einn sólarhring	kr. 10.400
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	kr. 8.300
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	kr. 4.150

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir:

- vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og
- launþeginn greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað,
  - svo sem fargjöld að og frá flugvöllum.
- skilyðir er að fyrir liggja í bókhaldi launagreiðanda og launþega, gögn um:
  - tilefni ferðar og fjölda dvalardaga,
  - fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Leyfilegur frádráttur á móti dagpeningum skv. skattmáti ríkisskattstjóra, þarf ekki að vera sama fjárhæð og ferðakostnaðarnefnd ákvarðar að greiða skuli starfsmönnum ríkisins vegna ferða á vegum launagreiðanda. Sé leyfilegur frádráttur lægri ber að skila staðgreiðslu af mismuninum.

Ekkert hámark er á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum fyrir hvern einstakling.

*Ákvarðandi bréf, úrskurðir yfirskattanefndar og dómar Hæstarréttar*

1. „Venjulegur vinnustaður flugliða telst vera í heimahöfn þess flugfélags sem þeir vinna hjá. Hjá flugliðum sem vinna hjá Flugleiðum hf. telst fastur vinnustaður því vera á Reykjavíkflugvelli“ (ákvarðandi bréf RSK, 15. janúar 1999)
2. Dagpeningar erlendis, flugmenn, vantaði gögn til að staðfesta frádrátt vegna dagpeningagreiðslna (Hrd. nr. 92/2000)
3. Kamchatka verkefnið, ríkisskattstjóri ákvað 15% frádrátt af greiddum dagpeningum, en byggði ekki á dagpeningareglunum (Hrd. nr. 124/2000)
4. Sölumaður í reglubundnum ferðum um landið, sala trygginga, var ekki talin „tilfallandi“ og féll þar með ekki undir dagpeningareglurnar (Yskn. 42/2005)
5. Sjómaður með smábátaútgerð, starfið hans var talið beinlínis verið fólgið í útgerð og sjósókn á bát launagreiðanda og því ekki fallist á að um „tilfallandi ferðir“ utan venjulegs vinnustaðar væri að ræða í skilningi skattmatsreglna (Yskn. nr. 43/2008)

*Skv. upplýsingum ríkisskattstjóra*

Dagpeningagreiðslur fyrir árið 2008 voru 8.136 m.kr. og frádráttur 7.827 m.kr.  
Dagpeningagreiðslur fyrir árið 1994 voru 2.074 m.kr. og frádráttur 1.930 m.kr.

- Aukning greiðslna dagpeninga um 75% á sl. 15 árum.

Ef tekjuskattur hefði verið greiddur af þeim 7.827 m.kr. sem voru skattfrjálsar dagpeningagreiðslur vegna ársins 2008, þá hefði ríkið fengið 2.818 m.kr. í tekjuskatt.

Ökutækjastyrkir fyrir árið 2008, 8.681 m.kr., kostnaður á móti 5.511 m.kr.

Bifreiðahlunnindi fyrir árið 2008, 6.035 m.kr.

- ársúmráð bifreiðar er metin til tekna sem hlutfall af verði bifreiðar á því ári sem hún var tekin í notkun

Önnur hlunnindi fyrir árið 2008, 1.087 m.kr.

- hér falla undir fatahlunnindi, fæði, húsnæði, lán frá launagreiðanda, áskriftir, tölvur, símar, tryggingar osfrv.

## 7. Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, þskj. 292 — 256. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

### I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

25. gr.

Við lögin bætast fjögur ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXX.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. skal fjárhæð sjómannaafsláttar á hvern dag vera með eftirfarandi hætti:

a. 740 kr. við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.

b. 493 kr. við álagningu 2013 vegna tekjuársins 2012.

c. 246 kr. við álagningu 2014 vegna tekjuársins 2013.

Ákvæði B-liðar 67. gr. fellur brott frá og með 1. janúar 2014.

Með ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að sjómannaafsláttur verði felldur niður í áföngum frá og með tekjuárinu 2011.

#### *Sjómannaafsláttur.*

Sjómannaafsláttur hefur lengi verið umdeildur og gagnrýni á hann hefur aukist á undanförunum árum af ýmsum ástæðum. Forsendur fyrir honum hafa breyst mjög frá því sem upphaflega var og erfitt að rökstyðja hann gagnvart ýmsum hópum sem að einhverju leyti eru í sambærilegri stöðu eða starfa við sambærilegar aðstæður. Þá hafa vaknað spurningar um sjómannaafsláttinn með tilliti til samkeppnisstöðu og ríkisaðstoðar við atvinnurekstur.

Rök fyrir sjómannaafslætti á sínum tíma voru m.a. langar fjarvistir frá heimili, slæmar vinnuaðstæður og þörf á sérstökum vinnufatnaði. Öll þessi atriði hafa breyst eða dregið hefur úr gildi þeirra í samanburði við aðra launþega. Stór hluti þeirra sem nú fá afsláttinn stunda vinnu fjarri heimili sínu en hið sama gildir um fjölda starfsstétta án þess að það sé bætt með skattfé. Vinnuaðstæður hafa gjörbreyst frá því sem áður tíðkaðist og eru í engu líkar því sem áður tíðkaðist auk þess sem hlífðarfatnaður er lagður til af vinnuveitanda.

Sjómannaafsláttur hefur á stundum tengst kjaramálum sjómanna og hefur verið til hans litið við ákvörðun á kjörum þeirra. Slík afskipti ríkisins af kjörum einstakra starfsstétta heyra nú sögunni til og er eðlilegt að þau ráðist í samskiptum launþega og vinnuveitenda. Þá er eðlilegt að hver atvinnugrein beri launakostnað af starfsemi þar sem annað veldur misræmi á kostnaði og óhagkvæmni. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að þær starfsstéttir sem njóta mests af afslættinum eru meðal þeirra best launuðu á sjó og landi. Hluti af þeim störfum sem nú eru unnin á sjó (á frystitögurum o.fl.) voru áður unnin í landi án þess að því fylgdi nokkur skattaívilnun. Sambærileg störf eru einnig unnin í landi og felst því mismunur í sjómannaafslættinum milli fólks eftir vinnustað.

Fjöldi þeirra sem njóta sjómannaafsláttar er nú rúmlega 6.000 manns. Hefur þeim farið fækkandi frá því að núverandi kerfi var tekið upp en um 10.000 manns fengu sjómannaafslátt á fyrstu árum tíunda áratugarins. Laun þeirra sem fá sjómannaafslátt hafa á síðustu árum hækkað verulega í samanburði við almenna þróun launa. Samkvæmt skattframtölum hækkuðu meðallaun þeirra sem fengu sjómannaafslátt um tæp 55% frá

2006 til 2008 en þeim sem afsláttinn fengu fækkaði um nærri 15%. Á sama tíma hækkuðu meðallaun framteljenda almennt um tæplega 30%. Hækkun þessi skýrist að hluta af gengisþróun sem hafði jákvæð áhrif á laun sjómanna og má því reikna með að hún hafi haldið áfram fram á þetta ár og verði viðvarandi.

Erfitt hefur reynst að ná samstöðu um afnám sjómannaafsláttar þótt flestir viðurkenni takmarkaðan tilverurétt hans. Ætla má að nú séu líkur á breiðri samstöðu um breytingar í þessu efni. Sjómenn eru meðal fámennra hópa sem fengið hafa verulegar kjarabætur í kreppunni sem er að ganga yfir og útgerðin er meðal þeirra atvinnugreina þar sem gengisfall krónunnar styrkir rekstrargrundvöllinn og fiskverð hefur verið hagstætt á mörkuðum. Almennur hljómgrunnur er fyrir því að skattkerfið stuðli að jöfnuði og þegar nauðsynlegt er að hækka skatttekjur er eðlilegt að byrja á að fella brott ívilnanir sem fela í sér mismunun.

Með hliðsjón af þessu er í frumvarpinu lagt til að sjómannaafsláttinn verði afnuminn þannig að viðkomandi aðilum verði gefinn góður aðlögunartími til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að þær geti gengið yfir án skyndilegra raskana á höfum þeirra. Er lagt til að afslátturinn verði látinn fjara út á fjórum árum frá og með tekjuárinu 2011. Hann lækki því um 25% af því sem hann er nú á hverju árunum 2011–2013.

## 8. B-liður 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt

### B

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reikn-uðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf. (1)

Rétt til sjómannaafsláttar hafa þeir sem stunda sjómennsku, sbr. 4. mgr., og lögskráðir eru í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 4. mgr. (2)

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar lögskráðir sjómenn sem starfa, sbr. 4. mgr., á varðskipi, rannsóknaskipi, sanddæluskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands. (3)

Sjómannaafsláttur skal vera [834] 1) 2) 3) 4) 5) kr. á hvern dag. Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta afsláttar alla daga ársins og hlutfallslega séu lögskráningardagar færri en 245, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð. Hlutaráðnir beitningarmenn skulu eiga rétt á sjómannaafslætti þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti. Hjá mönnum á fiskiskipum undir 20 brúttótonnum, sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga, sbr. framangreint. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekju-skattsstofni þeirra. Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómannaafsláttar. Komi upp ágreiningur um þá daga, sem veita rétt til sjómannaafsláttar, má staðreyna dagafjöldann með staðfestingu stéttarfélags á greiddum stéttarfélagsgjöldum. (4)

Um ráðstöfun sjómannaafsláttar skulu ákvæði A-liðar gilda eftir því sem við getur átt. (5)

Réttur til sjómannaafsláttar er háður því að útgerðaraðili haldi nákvæma skráningu yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar. (6)

Setja skal í reglugerð a) ákvæði um framkvæmd þessa stafliðar. Í henni skal m.a. kveða á um með hvaða hætti skuli ákvarða dagafjölda sem veitir rétt til afsláttar, skráningu, sbr. 6. mgr., og hvaða gagna megi krefjast í því sambandi. (7)

1)Sbr. b-lið 4. gr. laga nr. 143/2003 2)Sbr. 9. gr. laga nr. 129/2004. 3)Sbr. 1. gr. laga nr. 116/2005. 4)Sbr. 7. gr. laga nr. 174/2006. 5)Sbr. 6. gr. laga nr. 166/2007. a)Reglugerð nr. 10/1992, sbr. reglugerð nr. 499/2001

## 9. Rgl. nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt

### II. KAFLI

Sjómannaafsláttur við álagningu opinberra gjalda.

12. gr.

- (1) Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannastörf.
- (2) Rétt til sjómannaafsláttar skv. 1. mgr. hafa þeir sem skylt er að lögskrá í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 13. gr.
- (3) Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar skv. 1. mgr. sjómenn sem skylt er að lögskrá á varðskip, rannsóknaskip, sanddæluskip sem stunda efnistöku utan hafna og flytja það á land, ferju eða farskip sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innanlands.
- (4) Jafnframt eiga hlutaráðnir beitningarmenn sem ráðnir eru samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti rétt á sjómannaafslætti.

13. gr.

- (1) Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta sjómannaafsláttar í 365 daga og hlutfallslega séu þeir færri en 245, þannig að hver dagur reiknast til sjómanna-afsláttar með margfeldinu 1,49, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð til sjómannsstarfa. Til ráðningartímans skal telja orlof og aðra ónýtta frídaga sem gerðir eru upp við lok ráðningar.
- (2) Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmllestum brúttó \*1), sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga. Úthaldstímabil telst samfellt tímabil sem skipi er haldið úti við veiðar miðað við löndun samkvæmt kvótaskýrslum og vigtar-skýrslum. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra.
- (3) Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, þó mest þann dagafjölda sem reiknaður er til afsláttar hjá sjómönnum á viðkomandi línubáti.
- (4) Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómanna-afsláttar. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar á veikindum eða slysi.
- (5) Til staðfestingar á dagafjölda getur skattstjóri m.a. krafist upplýsinga frá viðkomandi stéttarfélagi um greiðslur stéttarfélagsgjalda.

\*1) Samkvæmt 2. gr. laga nr. 43/1987 er skylt að lögskrá á skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri.

14. gr.

(1) Útgerðaraðila er skylt að halda skrá yfir lögskráningardaga sjómanns og ráðningartíma hans og afhenda upplýsingar um þá til skattyfirvalda í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

(2) Útgerðaraðili fiskiskips undir 12 rúmlestum brúttó \*1), sem ekki er skylt að lögskrá á skv. 2. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, skal halda skrá yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar. Í skránni skulu m.a. koma fram upplýsingar um úthaldstíma skips og róðrardaga. Skal skráin vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og tiltæk skattyfirvöldum hvenær sem þess er krafist.

\*1) Samkvæmt 2. gr. laga nr. 43/1987 er skylt að lögskrá á skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri.

15. gr.

(1) Sjómannaafsláttur hjá þeim, sem uppfylla skilyrði 13. gr. skal vera, fyrir hvern dag sem afslátt skal reikna skv. 13. gr., sú fjárhæð sem um ræðir í 1. málslíð 4. mgr. B-liðs [67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt]1), með síðari breytingum. Hann getur þó mest orðið jafnhár reiknuðum tekjuskatti af þeim launum, sem greidd voru fyrir þann tíma, sem veitir rétt til afsláttar.

(2) Sjómannaafsláttur skal dreginn frá reiknuðum tekjuskatti sbr. [66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt]1), með síðari breytingum áður en frá er dreginn persónuafsláttur skv. A-lið [67. gr.]1) sömu laga. Sjómannaafsláttur kemur ekki til lækkunar á tekjuskatti af rekstrarhagnaði þeirra sem starfa við eigin útgerð. Sjómannaafsláttur, sem ekki nýtist á móti álagningu tekjuskatts sbr. framangreint fellur niður.

1) Sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 50/2008.

16. gr.

Sjómannaafsláttur er ekki millifæranlegur milli hjóna eða milli sambúðarfólks sem skattlagt er eftir ákvæðum [62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt]1), með síðari breytingum.

1) Sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 50/2008.

### III. KAFLI

Sjómannaafsláttur í staðgreiðslu.

17. gr.

Launagreiðandi skal draga frá staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sjómannaafslátt skv. 13. gr.

18. gr.

Maður, sem skylt er að lögskrá á tiltekið skip sbr. 13. gr., skal á hverju launatímabili njóta sjómannaafsláttar til frádráttar staðgreiðslu sem miðast við fjölda daga með margfeldinu 1,49 fyrir hvern lögskráðan dag að viðbættum veikinda og slysadögum sbr. 4. mgr. 13. gr. Sjómannaafsláttur sem kemur til frádráttar samkvæmt þessari reglu getur þó aldrei orðið meiri en svarar til þess dagafjölda sem liðinn er af

ráðningartímabilinu. Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmlestum brúttó \*1) skal miða við almenna vinnudaga á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga, sbr. 2. mgr. 13. gr.

\*1) Samkvæmt 2. gr. laga nr. 43/1987 er skylt að lögskrá á skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri.

19. gr.

Sjómannaafsláttur sem ekki nýtist að fullu í staðgreiðslu til frádráttar fyrir eitt launatímabil flyst til næsta launatímabils að því tilskildu að launamaður starfi hjá sama launagreiðanda bæði tímabilin. Sjómannaafsláttur er millifæranlegur á milli launagreiðenda enda liggi fyrir skrifleg staðfesting fyrri launagreiðanda á ónýttum hluta hans.

20. gr.

Sjómannaafsláttur sem ekki nýtist við staðgreiðslu á tekjuári kemur að fullu til frádráttar við álagningu tekjuskatts á launum fyrir sjómannsstörf árið eftir. Á sama hátt skal sjómannaafsláttur sem ofreiknaður kann að verða í staðgreiðslu leiðréttur við álagningu.